



HS Orka hf eykur hlutafé

Á fundi stjórnar HS Orku í gær var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 844.551.548 milljónir króna að nafnverði. Tveir stærstu hluthafarnir, Geysir Green Energy og Magma Energy Sweden AB keyptu alla aukninguna á genginu 3 eða fyrir rúmlega 2,5 milljarða króna.

Nýtt hlutafé verður nýtt til framkvæmda vegna virkjanastarfsemi á Reykjanesi og hefur hlutfjárukningin því jákvæð áhrif á atvinnusköpun og uppbyggingu á svæðinu. Eftir hlutfjárukninguna er Geysir Green Energy sem fyrr stærsti hluthafinn í HS Orku með 55,34% hlut og Magma Energy á 43,19%. Sveitarfélögin Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Garður og Vogar eiga 1,47% hlutfjárins.

Að sögn Júlíusar Jónssonar forstjóra HS Orku styrkir þessi hlutfjárukning eiginfjárhagsstöðu félagsins enn frekar en hún hefur batnað verulega frá árinu 2008. Síðan þá hafi hún hækkað úr 16,3% í 33,5% samkvæmt síðasta uppgjöri og fari nú í 37,3% að öðru óbreyttu. Muni HS Orka nota aukinn fjárhagslegan styrk til að fjármagna undirbúning vegna fyrirhugaðrar stækkunar Reykjanesvirkjunar eins og áætlanir standi til svo og aukna niðurdælingu vegna núverandi virkjunar.

Alexander K. Guðmundsson formaður stjórnar HS Orku segir að félagið sé nú eina orkufyrirtækið á Íslandi sem sé í stöðu til þess að auka eigið fé beint frá eigendum sínum til framkvæmda. Framundan sé afar þýðingarmikil uppbygging gufuaflsvirkjana á Suðurnesjum og þessi hlutfjárukning efli HS Orku til að ráðast í þær framkvæmdir.

Nánari upplýsingar:

Alexander K. Guðmundsson stjórnarformaður, sími 665 2060.